

Nd.

68. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 20, 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

Flutningsm.: Steingr. Steinþórsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 20, 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði, komi svo hljóðandi málsgrein:

d. sýslufélögum, til að fyrirbyggja kornvöruskort vegna samgöngutálina af hafisvöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. er flutt eftir beiðni Búnaðarsambands Skagfirðinga, og tilgangurinn er að reyna með þessu að draga úr hinni ægilegu en sífellt yfirvofandi hættu af kornvöruskorti vegna samgönguteppu af hafisvöldum. Hugsunin er að nota væntanleg lán til þess að hafa jafnan kornvörubirgðir fyrirbyggjandi á þeim tíma árs, sem hafishættan er. Er ekki hægt að sjá, að peningum Bjargráðasjóðs sé á neinn veg betur varið en með því að draga úr þessari geigvænlegu hættu, sem hefir vaxið á hinum síðari árum, vegna þess að kaupmenn og kaupfélög eru nú að mestu hætt að birgja sig upp til vetrarins, eins og áður var síður. Þetta er og í fullu samræmi við tilgang sjóðsins.